

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða

5.apríl 2026

b.t. Hlynur Torfi Torfason, í umboði fyrir Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða

Mál nr. 603/2024

skipulagsgatt@skipulagsgatt.is

Svæðisskipulag Vestfjarða

Landvernd vill hér með umsögn við Svæðisskipulag Vestfjarða beina sjónum að einum tilteknum þætti sem er áformuð Hvalárvirkjun sem samtökin eru andvíg en í þessu máli er áformuð Hvalárlína sérstaklega til umræðu. Að mati Landverndar liggur þegar fyrir þau náttúruspjöll og gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif sem af Hvalárlínu yrðu á skilgreint svæði sem flokkað er sem heildsætt víðerni.

Landvernd gerir því alvarlega athugasemd við að Hvalárlína sé sýnd í tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða sem hluti af fyrirhuguðum innviðum svæðisins. Að mati samtakanna er sú framsetning ekki í samræmi við núverandi réttarstöðu málsins né þær kröfur sem gera verður til vandaðrar og málefnalegrar skipulagsgerðar. Í fylgigagni með svæðisskipulaginu, stöðumati fyrir Svæðisskipulag Vestfjarða 2025–2050, er Hvalárvirkjun sett fram sem sá orkukostur sem lengst sé kominn í undirbúningi, og jafnframt gert ráð fyrir að virkjunin tengist nýju tengivirki í Miðdal og þaðan inn á flutningskerfið. Af framsetningu gagna verður ekki annað ráðið en að Hvalárlína sé lögð fram sem fyrirsjáanleg og efnisleg forsenda í framtíðarsýn skipulagsins sem er mjög alvarlegt mál gagnvart umhverfi og náttúru svæðisins.

Síðan þetta svæðisskipulag var sett fram hefur orðið veruleg breyting á réttarstöðu málsins. Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 156/2025 var felld úr gildi ákvörðun hreppsnefndar Árneshrepps frá 21. ágúst 2025 um að veita framkvæmdaleyfi fyrir fyrsta áfanga Hvalárvirkjunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að leyfisveitandi hefði ekki fullnægt þeirri skyldu sinni að taka rökstudda afstöðu til framkvæmdarinnar á grundvelli vatnaáætlunar og laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Var sá anmarki talinn svo verulegur að ákvörðunin gæti ekki staðið. Jafnframt taldi nefndin að matskýrslan og álit Skipulagsstofnunar væru ekki fullnægjandi grundvöllur fyrir ákvörðun um framkvæmdina.

Af þessu leiðir að sú forsenda, sem svæðisskipulagið virðist byggja á varðandi Hvalárlínu, er ekki lengur traust eða lögformlega fullnægjandi en ekki verður annað lesið af úrskurði en að framkvæmdaleyfið hafi verið gefið út af viðkomandi sveitarfélagi með bundið fyrir augun. Hvalárlína verður heldur ekki metin sjálfstæð frá Hvalárvirkjun, enda er línan augljóslega háð virkjuninni, tengd henni efnislega og reist í raun á sömu framkvæmda- og leyfiskeðju. Þegar leyfisgrundvöllur undirliggjandi framkvæmdar hefur verið felldur úr gildi á svæðisskipulagsnefnd sveitarfélagana ekki um annað að ræða en að fjarlægja viðkomandi línu úr kortagögnum sínum og umfjöllun í skýrslunni.

Landvernd leggur áherslu á að svæðisskipulag eigi að byggja á skýrum, málefnalegum og lögmætum forsendum. Svæðisskipulagið má hvorki gefa villandi mynd af réttarstöðu umdeilda framkvæmda né móta stefnu til lengri tíma á grundvelli áforma sem ekki standast ekki lög eða vandaða stjórnsýsluhætti. Sérstaklega á þetta við þegar um er að ræða framkvæmdir sem geta haft veruleg og víðtæk áhrif á náttúru, landslag, víðerni og vatnshlot sem sannarlega á við um þetta mál eins og sjá má af nýfelldum úrskurði UUA sjá nánar <https://uua.is/urleits/156-2025-hvammsvirkjun/>

Með vísan til framangreinds krefst Landvernd þess að Hvalárlína verði felld út úr tillögu að Svæðisskipulagi Vestfjarða. Verði ekki fallist á það er lágmarkskrafa samtakanna sú að gerður verði skýr og ótvíræður fyrirvari í skipulagstillögunni um að um sé að ræða óstaðfesta og lagalega ótrygga framkvæmd, sem sé háð frekari málsmeðferð og geti ekki talist mótuð forsenda svæðisskipulags að þessu stigi.

Með vinsemd og virðingu.

Formaður Landverndar: Þorgerður María Þorbjarnardóttir

